

Föstudagur, 18. febrúar 2005

235. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 6/2005

**Kvörtun Stálflex sf. yfir auglýsingu
Trésmiðju GKS ehf. og Húsgagna og innréttinga hf.**

I.

Erindið

Samkeppnisstofnun barst erindi, dags. 26. janúar 2004, þar sem Stálflex sf. kvartar yfir auglýsingu Trésmiðju GKS ehf. og Húsgagna og innréttinga hf. sem birtist í vörulista Pennans hf. „*Allt fyrir skrifstofuna 2004*“ en fyrirtækin eru dótturfyrirtæki Pennans.

Í erindinu segir að í auglýsingunni sé auglýst sérsmíðapjónusta og sé mynd af kirkjubekkjum í Grafarvogskirkju notuð sem dæmi um verk sem Trésmiðja GKS og Húsgögn og innréttingar hafi unnið. Af auglýsingunni megi ráða að fyrirtækin hafi hannað kirkjubekkina og smíðað þá frá grunni. Hið rétta sé að kirkjubekkirnir hafi verið hannaðir af Birni Gunnarssyni fyrir Stálflex sem gert hafi tilboð í kirkjubekkina og fengið verkið. Til að vinna verkið voru fengnir undirverktakar en Stálflex annaðist eftirlit. Stálhúsgögn hafi smíðað stálgrindina sem beri uppi bekkina og hafi annast uppsetningu í kirkjuskipið. G.Á. húsgögn hafi séð um alla bólsturvinnu og Trésmiðja GKS hafi séð um tréverk. Í erindinu er þess krafist að Samkeppnisstofnun beiti fyrirtækin viðurlögum.

II.

Málsmeðferð

1.

Erindi Stálflex var sent Pennanum til umsagnar með bréfi Samkeppnisstofnunar, dags. 9. febrúar 2004. Þar sem í erindinu var ekki vísað til lagagreina í samkeppnislögum nr. 8/1993 var bent á að 20. og 21. grein laganna gætu komið til álita í málinu. Svar Ásgeirs Þórs Árnasonar hrl., f.h. Trésmiðju GKS, er dagsett 19. febrúar 2004. Þar segir að auglýsingin sé sett fram til að vekja athygli á sérsmíðapjónustu Trésmiðju GKS og Húsgagna og innréttinga. Vakin sé athygli á því að fyrirtækin hafi á að skipa einvala starfsfólki með mikla reynslu ásamt fullkomnum framleiðslutækjum. Þá sé

frá því greint að fyrirtækin taki að sér allt tréverk innanhúss og að þau klári verkin frá tilboði til uppsetningar allt eftir óskum viðsemjandans og enn fremur að þau sérsmíði eftir forskrift.

Í auglýsingunni sé greint frá nokkrum verkum sem Trésmiðja GKS og Húsgögn og innréttingar hafi unnið og birtar myndir er sérstaklega eiga að sýna hina vönduðu trésmíði sem sé inntak auglýsingarinnar. Þar á meðal er mynd af kirkjubekkjum í Grafarvogskirkju.

Þá segir að ekki verði séð að auglýsingin brjóti gegn ákvæðum 20. eða 21. gr. samkeppnislaga. Auglýsingin hafi þann lögmæta tilgang að vekja athygli á starfsemi Trésmiðju GKS og Húsgagna og innréttinga. Birtar séu með látlausum hætti tilvitnanir í verk sem félögin hafi staðið að. Auglýsingin brjóti því ekki í bága við góða viðskiptahætti og geti ekki talist óhæfileg gagnvart hagsmunum neytenda. Ekki séu í auglýsingunni birtar ófullnægjandi eða villandi upplýsingar og auglýsingin geti ekki talist ósanngjörn gagnvart keppinautum eða neytendum vegna forms hennar eða sökum þess að skírskotað sé til óviðkomandi mála.

Trésmiðja GKS hafi komið að smíði kirkjubekkjanna sem undirverktaki Stálflex og hafi annast trésmíði en aðrir undirverktakar hafi séð um bólstrun bekkjanna og smíði stálgrinda. Við smíðavinnuna hafi hönnun bekkjanna ekki að fullu verið lokið og hafi Trésmiðja GKS annast þann þátt með Stálflexi.

Loks er í bréfinu vísað til heimilda höfundaréttar um tilvitnanir, sbr. 14. gr. laga nr. 73/1972. Þá verði ekki séð að hönnun Stálflex á kirkjubekkjunum njóti verndar hönnunarlags nr. 46/2001, sbr. 3. gr., né að hönnun þeirra hafi verið opinberlega skráð skv. II. kafla laganna.

2.

Bréf lögmanns Trésmiðju GKS var sent Stálflex til umsagnar með bréfi Samkeppnisstofnunar, dags. 23. febrúar 2004. Svar Stálflex er dags. 27. febrúar 2004. Þar segir að rangt sé að Trésmiðja GKS hafi komið að hönnun bekkjanna. Henni hafi verið að fullu lokið er fyrirtækið kom að verkinu.

Bréf Stálflex var sent lögmanni Trésmiðju GKS til umsagnar með bréfi Samkeppnisstofnunar, dags. 4. mars 2004. Í símtali starfsmanns Samkeppnisstofnunar, 29. mars 2004, við lögmann Trésmiðju GKS lýsti hann því yfir að hann ætli ekki að tjá sig frekar um málið.

Með bréfum, dags. 23. apríl 2004, tilkynnti Samkeppnisstofnun málsaðilum að gagnaöflun væri lokið í málinu. Þann 15. júlí 2004 tilkynnti stofnunin málsaðilum um töl á afgreiðslu málsins.

III. Niðurstöður

Á fundi samkeppnisráðs, þann 18. febrúar 2005, var ákvörðun tekin í þessu máli. Þátt í fundinum tóku Kirstín Þ. Flygenring, Atli Freyr Guðmundsson, Karitas Pálsdóttir, Ólafur Björnsson og Ragnheiður Bragadóttir.

1.

Í erindi Stálflex er því haldið fram að af auglýsingu Trésmiðju GKS og Húsgagna og innréttinga sem birtist í vörulista Pennans „*Allt fyrir skrifstofuna 2004*“ megi ráða að fyrirtækin hafi hannað kirkjubekki Grafarvogskirkju og smíðað þá frá grunni. Hið rétta sé að kirkjubekkirnar hafi verið hannaðir af Birni Gunnarssyni fyrir Stálflex. Undirverktakar hafi unnið verkið, m.a. Trésmiðja GKS sem vann tréverkið.

Af hálfu Trésmiðju GKS er því haldið fram að auglýsingin sé sett fram til þess að vekja athygli á sérsmíðaðþjónustu Trésmiðju GKS og Húsgagna og innréttinga. Fyrirtækin taki að sér tréverk innanhúss og klári verkin frá tilboði til uppsetningar allt eftir óskum viðsemjandans og jafnframt að þau sérsmíði eftir forskrift. Tilgreind séu nokkur verk sem fyrirtækin hafi unnið og birtar myndir sem eigi að sýna hina vönduðu trésmíði sem sé inntak auglýsingarinnar. Þar á meðal sé mynd af kirkjubekkjum í Grafarvogskirkju. Auglýsingin hafi þann tilgang að vekja athygli á starfsemi fyrirtækjanna m.a. með því að birta með látlausum hætti tilvitnanir í verk sem fyrirtækin hafi staðið að. Sé auglýsingin því ekki brot á ákvæðum samkeppnislaga.

Samkeppnisráð er sammála Samkeppnisstofnun um að 20. og 21. gr. samkeppnislaga komi til álita í máli þessu. 20. gr. snýr að góðum viðskiptaháttum. Þar er kveðið á um að óheimilt sé að hafast nokkuð það að sem brjóti í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi. Ákvæðið er almenn vísiregla að því er varðar viðskiptasiðferði og er ætlað að stuðla að góðum síðum í viðskiptum. Í 21. gr. samkeppnislaga er með almennum hætti fjallað um að í auglýsingum eða með öðrum hætti megi ekki veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar enda séu upplýsingarnar til þess fallnar að hafa áhrif á eftirspurn vörunnar. Þá skuli auglýsingar ekki vera ósanngjarnar gagnvart keppinautum eða neytendum.

Í auglýsingu Trésmiðju GKS og Húsgagna og innréttinga eru birtar myndir af fjórum sérsmíðaverkefnum sem fyrirtækin hafa unnið. Mynd af innréttingum fyrir Hjúkrunarheimilið Eir, mynd frá fundarherbergi Alcan á Íslandi, mynd frá fundarherbergi Samtaka iðnaðarins og mynd af kirkjubekkjum í Grafarvogskirkju. Þá er auk myndanna vísað til unninnar sérsmíðaðþjónustu fyrirtækjanna fyrir Nordica

Hótel, Nemendagarða Menntaskólans á Akureyri, Húsasmiðjuna og Kennaraháskóla Íslands.

Tilgangurinn með birtingu myndanna og tilvísanir í önnur verk fyrirtækjanna í auglýsingunni er að mati samkeppnisráðs sá að benda á vinnubrögð og breidd í sérsmíðaðþjónustu fyrirtækjanna og fær ráðið ekki séð að slíkt hafi nokkra tilvísun til hönnunar verkanna.

Í texta auglýsingarinnar segir m.a.:

„Sérsmíðaðþjónusta

Allt tréverk innanhúss stórt sem smátt...

Við tökum að okkur allt tréverk innanhúss og klárum verkefni frá tilboði til uppsetningar allt eftir þínum óskum... Sérsmíðum eftir þínu höfði.

Hafðu samband og við klárum málið með þér.“

Megin markmið auglýsingarinnar er auðsjáanlega að vekja athygli á sérsmíðaðþjónustu fyrirtækjanna. Samkeppnisráð fær ekki séð að með auglýsingunni séu Trésmiðja GKS og Húsgögn og innréttingar að gefa í skyn að fyrirtækin hafi hannað kirkjubekki í Grafarvogskirkju eða aðra hluti sem smíðaðir eru af fyrirtækjunum. Þvert á móti er sérstaklega tekið fram í texta auglýsingarinnar að smíðað sé eftir óskum viðsemjanda þannig að hönnunarvinnan hlýtur fyrst og fremst að vera í höndum hans.

Með birtingu auglýsingarinnar er því ekki brotið gegn góðum viðskiptaháttum og ekki gefnar villandi upplýsingar. Hafa Trésmiðja GKS og Húsgögn og innréttingar því ekki brotið gegn ákvæðum 20. og 21. gr. samkeppnislaga.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Ekki er ástæða til aðgerða samkeppnisráðs í máli þessu.“

[Máli þessu var áfrýjað; sjá Úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála [nr. 5/2005](#)]